Skýrsla formanns keppnisnefndar 2024-2026

Í keppnisnefnd 2024–2026 sitja eftirtaldir fulltrúar:

Hulda Gústafsdóttir, formaður
Sylvia Sigurbjörnsdóttir
Sigurbjörn Bárðarson
Svafar Magnússon
Unnur Sigurpálsdóttir
Haukur Bjarnason
Ólafur Þórisson
Katla Gísladóttir, starfsmaður nefndarinnar

Hópurinn hefur mjög breiða þekkingu á keppnismálum og er öflugur og lausnamiðaður. Í honum eru tveir meðlimir Sportnefndar FEIF, formaður FT, fulltrúar úr stjórnum dómarafélaganna og fólk úr stjórn LH. Undirrituð hefur setið í keppnisnefnd síðan 2004 og í keppnisnefnd FEIF síðan 2014. Formaður þakkar fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og hlakkar til samstarfsins á næsta ári.

Á árinu var skipt um starfsmann nefndarinnar. Hinrik Þór Sigurðsson lét af störfum og Katla Gísladóttir tók við. Við þökkum Hinriki fyrir vel unnin störf. Katla hefur yfirgripsmikla þekkingu á mótamálum og þakkar nefndin henni kærlega fyrir framlag hennar.

Verkefni nefndarinnar voru margvísleg á árinu. Nefndin nýtur þess að hafa starfsmann. Starfsmaður nefndarinnar og skrifstofa LH sáu um að færa breytingar sem samþykktar voru á síðasta þingi FEIF inn í reglupakkann. Það er mikil framför að sú vinna sé unnin á skrifstofunni, en áður hafði keppnisnefnd þetta verkefni með höndum.

Mótahald ársins var fjölbreytilegt og það er mikið gleðiefni hve mikil gróska er í mótahaldi yfirleitt.

Landsmót var haldið að Hólum í Hjaltadal. Hestakosturinn heldur áfram að batna, sem og reiðmennskan, þannig að erfitt er að velja þar úr einstaka toppa.

Íslandsmót var haldið á glæsilegu svæði Sörlamanna í lok júní. Þar var gerð tilraun til að halda mótið fyrir Landsmót. Mótið var vel skipulagt og svæðið glæsilegt, ekki síst með nýrri höll Sörlamanna. Því miður lenti mótið inni á sama tíma og kynbótasýningar og gæðingaúrtökur, og var það skoðun knapa að þessi dagsetning væri ekki ákjósanleg. Keppnisnefnd lýsti þeirri skoðun sinni á síðasta ári að þetta væri ekki ákjósanleg dagsetning, og því miður reyndist það rétt. Íslandsmót heldur áfram að vera olnbogabarn á Landsmótsárum. Hestakosturinn og keppnin voru eigi að síður frábær og glæsilegir Íslandsmeistarar voru krýndir í öllum greinum.

Íslandsmót á Landsmótsárum heldur áfram að vera bitbein og hálfgert vandræðabarn. Á síðasta Landsþingi var keppnisnefnd falið að koma með hugmyndir að framtíðarskipan Íslandsmóta, sérstaklega á Landsmótsárum. Fyrir þinginu liggja fjölmargar tillögur sem varða Landsmótið í heild. Í stað þess að fjalla um hverja tillögu fyrir sig fjallaði nefndin um þær á heildstæðan hátt.

Þau ár sem íþróttahluti hefur verið á dagskrá Landsmóts hefur hann verið vel sóttur af áhorfendum, þrátt fyrir að keppnin fari ekki fram á besta tíma dags. Áhorfendapallar hafa jafnvel verið fullir á morgnana, ekki síst af erlendum gestum Landsmóts sem njóta þess að sjá bestu íþróttakeppnishross landsins. Ef vilji er til að ákveða til dæmis að halda Íslandsmót eftir Landsmót þurfa að líða að minnsta kosti tvær til þrjár vikur frá Landsmóti þar til Íslandsmót hefst. Þá er mótið komið mjög nærri Norðurlandamóti, sem ekki hefur heldur þótt ákjósanlegt. Hér er því í mörg horn að líta, en nauðsynlegt er að finna farsæla lausn á þessu. Umgjörðin á Landsmóti er glæsileg og því ólíkt skemmtilegra að verða Íslandsmeistari fyrir fullri brekku. Meirihluti keppnisnefndar vill því mælast til þess að þingið veiti heimild til að halda Íslandsmót á sama tíma og Landsmót. Um það þarf að nást samkomulag við mótshaldara næsta móts, sem verður haldið á Gaddstaðaflötum árið 2028. Það er skoðun keppnisnefndar að þetta sé tilraunarinnar virði.

Nýtt spjaldakerfi var tekið í notkun á árinu. Byrjunarörðugleikar voru í algjöru lágmarki, leyfi ég mér að segja, og unnið hefur verið að því að slípa kerfið til þar sem rekist hefur verið á vankanta. Grunnhugmyndin er að stórum hluta komin frá Íslandi, frá Sigurbirni Bárðarsyni, en hún varð í raun rótin að algerri umbyltingu á reglum um spjaldanotkun, viðurlög og bönn á öllum sviðum.

Keppnisnefnd er samkvæmt reglugerð ráðgefandi um framkvæmd reglna og er í miklum samskiptum við bæði mótshaldara og keppendur yfir keppnistímabilið. Mikið af því er afgreitt símleiðis. Þar reyndi töluvert á á árinu, sérstaklega varðandi úrtökur fyrir Landsmót. Þar rákumst við á nokkrar mótsagnir í reglum sem hafði verið breytt á síðasta þingi. Nefndin hefur, ásamt starfsmanni og skrifstofu LH, unnið að því að laga þetta og leggur tillögur þar að lútandi fyrir þing LH sem haldið verður í lok október.

Nefndin kom saman á nokkrum fundum, sem allir voru rafrænir. Þar voru mál tekin fyrir og afgreidd og þeim fylgt eftir með viðeigandi hætti. Meðal annars voru ræddar reglubreytingar á FEIF-þingi og afgreiðsla þeirra, auk lágmarka á Íslandsmót. Einnig voru afgreiddar fjölmargar fyrirspurnir vegna méla, keppnisreglna og túlkunar þeirra. Að auki fór fram töluverð vinna í haust við að undirbúa reglubreytingar, bæði augljósar leiðréttingar og hugmyndir varðandi Íslandsmót og framtíð þess á Landsmótsárum.

Keppnisnefnd hlakkar til næsta árs, þegar haldin verða Íslandsmót yngri og eldri flokka og Heimsmeistaramót. Vetrarmótin hefja tímabilið í janúar, svo það styttist í næsta tímabil.

Með keppniskveðju,
Hulda Gústafsdóttir
Formaður keppnisnefndar